

Jóhannes Helgi

Minning

Haustið 1994 skrifaði ég mína fyrstu blaðgrein um hagfræði, sem birtist á laugardegi. Þar sem ég sat með blaðið var ekki laust við að ég sæi eftir öllu saman, og sú hugsun leitaði á mig hvort ég hefði orðið mér til skammar frammi fyrir alþjóð. Mitt í þessu hugarvili hringdi síminn og rödd Jóhannesar Helga heilsaði mér þegar ég svaraði. Orð hans urðu til þess að ég réttist við í sætinu. Jóhannes sagðist telja það skyldu sína að láta unga menn vita þegar þeir gerðu vel. Ég þekkti Jóhannes aðeins lauslega þá, en þetta varð upphaf betri kynna.

Jóhannes var einn sá skemmtilegasti maður viðræðu, sem ég hef fyrir hitt. Hann hafði sposka, nálægt því kaldhæðna sýn á lífið og sjálfan sig, sem gat ævinlega komið brosviprum á andlit áheyrenda hans. Það eru heldur engar ýkjur að hann hafði fágætt vald á íslenskri tungu, sem hann nýtti óspart til þess að skemmta viðmælendum, jafnt sem að fá vilja sínum framgengt í daglegu lífi. Jóhannes beitti orðunum af hnyttni og lífi, stundum kannski með stórkallalegum hætti en undir niðri kvikaði á hlýju og næmni. Jóhannes kom af ætt sjómanna og sæfarenda, og var sjálfur til sjós á sínum yngri árum. Ég freistast því til þess að álykta að ritstíll hans hafi mótast í meðförum manna á hafi úti í misjöfnum veðrum við Íslandsstrendur. Hann var loftskeytamaður að mennt, og lagði ríkt á það mig það best væri að skrifa með þeirri hugsun að hvert orð væri dýrt, líkt og verið væri að senda símskeyti.

Bækur skrifaði Jóhannes allmargar. Sá sem hér ritar hefur sérstakar mætur á viðtalsbókum þeim er hann vann með föðurbróður sínum (Hin hvítu segl) og Jóni Engilberts málara (Hús málans). Þær bækur eru á mörkum þess að teljast skáldsögur og æviminningar, þar sem skáldgáfa Jóhannesar og frásagnargáfa viðmælenda hans renna saman í eina, áferðarfagra heild. Pistlahöfundur var Jóhannes ekki síðri, en honum var lagið að draga alla þá hluti sem máli skiptu í egghvassa ádeilu eða ísmeygilega skemmtisögu eftir því hvernig gállinn var á honum. Hans magnum opus er þó skáldsagan Svört messa, sem skipaði honum varanlega í flokk skálda á Íslandi. Blómaskeið Jóhannesar sem rithöfundar var á sjötta og sjöunda áratug þessarar aldar og verkum hefur ekki verið haldið mikið á lofti á síðustu árum, og er það miður. Bækur hans eiga þó samt örugglega lengra líf fyrir höndum, hvað sem líður tíkusveiflum, af þeirri einföldu ástæðu að þær eru skrifaðar meiri íþrótt en flest það annað sem nú fangar athygli þjóðarinnar.

Fundir okkar Jóhannesar voru of fáir á síðustu árin vegna námsdvalar minnar í Bandaríkjunum. Ég hitti hann síðast í Austurvelli, nú síðla sumars í sólarblíðu. Hann hafði þá átt við alvarleg veikindi að stríða og vissi vel sjálfur að dagar voru mjög brátt taldir. Hann gekk, teinréttur í spori á túni Ingólfs og virti fyrir sér mannlífið. Ég sá greinilega að lífsþorstinn var enn til staðar hjá honum, enda átti hann margt eftir óunnið. Og þó. Fyrir sjómenn er dauðinn ávallt nálægur. Þeir skilja að það er aðeins þunnt lag sem skilur á milli þeirra og sjávarins, á milli lífs og dauða hjá okkur öllum. Hann kvaddi mig hinstu kveðju, ég sá á eftir honum.